

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

49. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Árið 2018, fimmtudaginn 11. jan. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Alftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, oddviti, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Birgir Ragnarsson sem varamaður Halldóru Pétursdóttir, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 17:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Djúpvegur, Leiti – Eyri og um Hattardalsá, Súðavíkurhreppi – beiðni um umsögn.
3. Styrksamningur vegna sögusýningar /heimildamynd – styrkbeiðandi er Sögufélag Súðavíkur.
4. Samningur vegna umsjónar við slökkviliðs Súðavíkurhrepps.
5. Fundur með ráðherra umhverfis og auðlindaráðherra.
6. Fundargerð FV frá 15. desember 2017.
7. Þorablót í Súðavík.

1. Sveitarstjóri fer yfir skýsluna, sem er aðgengileg á sudavik.is og á opinberi facebooksíðu sveitarfélagsins.
2. Sveitarstjórn vísar umsögninni til umhverfis og samgöngunefndar og skipulagsnefndar.

Sveitstjórn fagnar framkvæmdum Vegagerðinnar næsta sumar. Með þessum framkvæmdaáfanga er Djúpvegurinn orðin fullklár, tveggja akreina vegur með bundnu slitlagi, auk þess sem einbreið brú hverfur, í stað hennar kemur tvíbreið brú yfir Hattardalsá.

Íbúar við Ísafjarðardjúp hafa beið lengi eftir þessum framkvæmdum og sveitarstjórn Súðavíkurhrepps kallað eftir þeim reglulega. Það er afar ánægjulegt að nú skuli vera að rætast úr beiðinni.

Þá er bara að klára Álftafjarðargöng og Djúpvegurinn mun verða prýði allra landsmanna.

3. Drög að samningi lögð fram. Sveitarstjórn skipar þriggja manna ritstjórn yfir verkefninu. Eftirfarandi aðilar eru skipaðir:

Steinn Ingi Kjartansson, sem jafnframt verður formaður ritstjórnar.
Barði Ingibjartsson.
Anna Lind Ragnarsdóttir.

Áætlað að klára samning á næsta fundi sveitarstjórnar.

4. Frestað til næsta fundar.
5. Umhverfis og auðlindaráðherra heimsækir Vestfirðir eftir boð frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Hann hefur óskað eftir að hitta fulltrúa sveitarfélagsins. Ákveðið að sveitarstjóri og oddviti fari á fund ráðherra.
6. Lagt fram.
7. Sveitarstjórn heimilar að starfsmaður sveitarfélagsins verði prókúruhafi Þorrablótsreiknings. Starfsmaður mun sjá um fjársýslu fyrir Þorrablótsnefndina.

Sveitarstjórn heimilar lánveitingu til Þorrablótsnefndarinnar að upphæð 400 þús. til standa undir útlögðum kostnaði.

Sveitarstjóra falið að afgreiða lánið.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:55

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Birgir Ragnarsson

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

